

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2026, þriðjudaginn 10. febrúar var haldinn 347. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:01. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Einar S. Hálfðánarson og Sigrún Guðmundsdóttir. Sunna Jóhannsdóttir boðaði forföll. Einnig tók sæti á fundinum Ingunn Ólafsdóttir. Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á stöðu endurskoðunar Grant Thornton vegna ársreiknings Reykjavíkurborgar og samstæðu 2025. IER26010002.

Davíð A. Einarsson og Bjarni M. Jóhannesson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lögð fram samantekt yfir reikninga Grant Thornton vegna ytri endurskoðunar 2025. IER26020001.

Davíð A. Einarsson og Bjarni M. Jóhannesson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Klukkan 11:03 vikur Ingunn Ólafsdóttir af fundi.

3. Lagt fram afgreiðslubréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. febrúar 2026, um breytingu á samþykkt endurskoðunarnefndar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar þann 3. febrúar sl. Fram fer umræða. IER25030005

Frestað.

- Klukkan 11:20 tekur Ingunn Ólafsdóttir aftur sæti á fundinum.

4. Lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, dags. 21. janúar 2026, um reikningsskil Reykjavíkurborgar. IER26010022.

5. Lögð fram skýrsla verkefnahóps um sjálfbærni og rekstrarhæfni Félagsbústaða, dags. október 2025. IER26010019

Magnús Gunnarsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Lögð fram eftirfarandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd óskaði eftir skýrslu verkefnahóps um sjálfbærni í rekstri Félagsbústaða: „*Frá skuldsettum vexti til sjálfbærni*“ sem hér er lögð fram. Nefndin tekur undir með Innri endurskoðun og ráðgjöf að skýrslan varpi ljósi á mikilvæga þætti er varða framtíðarrekstur félagsins. Nefndin er sammála þeim ábendingum er fram komu í kynningu á rýni Innri endurskoðunar og ráðgjafar þess efnis að tilefni kunni að vera til ítarlegri greiningar á skulðaboli og sjálfbærni Félagsbústaða, vaxtanæmi og viðhaldspörf, m.a. í tengslum við niðurgreiðslutíma lána. Einnig raunhæfi áætlaðs ávinnings af þeim úrbótatillögum er fram koma í skýrslunni. Þá telur nefndin rétt að óska eftir nánari sviðsmyndagreiningu á áhrifum fjölgunar kaupréttaríbúða og hagræðingaraðgerða á sjóðstreymi félagsins, auk áhættugreiningar er lýtur að mögulegri stofnun uppbyggingarfélags.

Nefndin leggur áherslu á að framangreind atriði verði tekin til frekari skoðunar áður en teknar verða ákvarðanir um umfangsmiklar kerfis- eða rekstrarbreytingar á starfsemi Félagsbústaða.

- Klukkan 12:18 víkur Einar S. Hálfðánarson af fundi.
- 6. Lagðar fram upplýsingar frá Deloitte um framgang innri endurskoðunar Strætó bs. IER25100007

Fundi slitið kl. 12:22

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir